

Erindi til sveitarstjórnar

Foreldrafélag sameinaðs Grunn- og Leikskóla Hólmavíkur

Við í stjórn foreldrafélagsins viljum koma á framfæri áhyggjum vegna umferðaröryggis barna í sveitarfélaginu.

1. Við Hnyðju þar sem börn á miðstigi stunda nám. Við höfum áhyggjur af öryggi barnanna en inngangurinn í kennslustofu þeirra snýr beint að götunni og þarf lítið út af að bregða svo þarna verði slys. Útsýni fyrir ökumenn sem eru að taka beygjuna við innganginn er takmarkað og eykst hættan enn meir núna þegar orðið er dimmt á morgnanna. Jafnframt eru ferðamenn ekki meðvitaðir um að þarna sé skólarekstur. Við viljum hvetja til að skoðað verði hvort möguleiki sé að loka fyrir umferð framhjá Hnyðju á skólatíma og beina þá umferð eftir Skjaldbökuslóð.
2. Eins viljum við að foreldrum verði bent á mikilvægi þess að drepa á ökutækjum sínum við leikskólann til að minnka mengun og til að börnin, sem standa töluvert neðar en fullorðnir, fái ekki útblástur bílanna beint í andlitið þegar gengið er fyrir aftan bílana.
3. Umferð flutningabíla innan gamla bæjarins þar sem er dimmt og skortur er á göngustígum vekur ótta. Það að flutningabílar leggi framan við Café Riis skapar einnig hættu á að sjúkabíll eigi ekki greiða leið.
4. Nýjar gangbrautir eru fagnaðarefni en þar sem þær eru ekki upphækkaðar eða í lit hverfa þær í snjó, leita þyrfti leiða til að tryggja að þær séu ávallt sýnilegar.

Stjórn foreldrafélags Grunn- og leikskóla Hólmavíkur

Ágúst Helgi Sigurðsson

Björk Ingvarsdóttir

Esther Ösp Valdimarsdóttir

Jóhanna Guðbjörg Rósmundsdóttir

Jón Örn Haraldsson